

389. fundur

Bæjarráð Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 6. apríl 2005 kl. 20:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Dagný Þórisdóttir, formaður
Eyþór Benediktsson
Guðmundur Kristinsson
Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Formaður setti fund og fól síðan bæjarstjóra fundarstjórn.

1. Fundargerðir nefnda:

1.1. Atvinnumálanefnd, dags. 4.4.2005.

Fundargerð framlögð.

1.2. Fræðslunefnd, dags. 4.4.2005.

Fundargerð framlögð.

1.3. Skipulags- og byggingarnefnd, dags. 6.4.2005.

Fundargerð lögð fram. Liðir 1,2,3,4,5,7,8b og 8c samþykktir. Bæjarráð leggur til að liðir 1,2 og 3 verði teknir fyrir á næsta bæjarstjórnarfundum. Fundargerð samþykkt að öðru leyti.

1.4. Skólanefnd Tónlistarskóla, dags. 22.3. 2005.

Fundargerð framlögð. Liður 1 samþykkt að fela bæjarstjóra að ganga til samninga við Jóhönnu Guðmundsdóttur.

2. Aðrar fundargerðir.

2.1. Fundargerð almannavarnarnefndar Snæfellsness, dags. 15.3.2005.

2.2. Fundargerðir skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga, dags. 5.10, 16.11., 14.12.2004, 18.1 og 22.2.2005.

2.3. Aðalfundur Sjávarorku ehf., dags. 17.12.2004.

2.4. 153. stjórnarfundur Eflingar Stykkishólms, dags. 15.3.2005.

2.5. 60. fundur LN og FL, dags. 7.3.2005.

2.6. Breiðarfjarðarnefnd, dags. 21.2.2005.

Fundargerðir framlagðar.

3. Ársreikningar og ársskýrslur.

3.1 Ársskýrsla Héraðssambands Snæfellsness- og Hnappadalssýslu f. 2004.

Ársskýrsla framlögð.

4. Lokatillögur nefndar um sameiningu sveitarfélaga.

Framlagt. Samþykkt að tilnefna Dagnýju Þórisdóttur og Hilmar Hallvarðsson í samstarfsnefnd vegna undirbúnings atkvæðagreiðslu um sameiningu sveitarfélaga.

5. Bréf félagsmálaráðuneytisins, varðandi breytingar á reglugerð um eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga. dags. 29.03.2005.

Framlagt.

6. Bréf framkvæmdastjóra KKÍ, móttakið 31.03. 2005.

Samþykkt að styrkja Atla Rafn Hreinsson unglingsliðsmanns um kr. 15.000.

7. Bréf leikskólastjóra dags. 15.03.2005.
Bæjarráð samþykkir erindi leikskólastjóra um starfsdag.
8. Bréf Sigurjóns Jónssonar f.h. Skipavíkur hf. dags. 21.03.2005.
Erindinu vísað til skipulags- og bygginarnefndar.
9. Aðalfundur Bandalags ísl. leikfélaga.
Samþykkt að styrkja Leikfélagið Grímnir um kr. 100.000 vegna aðalfundar Bandalags íslenskra leikfélaga.
10. Erindi Prentleikni ehf.
Samþykkt að vera með heilsíðuauglýsingu í bókinni Vesturland og Vestfirðir.
11. Síamál Stykkishólmsbæjar.
Einar Þór Strand gerði grein fyrir síamálum Stykkishólmsbæjar.
12. Erindi Skipavíkur sbr. bæjarráðsfund 384.
Samþykkt að veita Skipavík fjórar parhúsalóðir við Tjarnarás 2-16. Guðmundur sat hjá.
13. Bréf félagsmálaráðuneytisins dags. 10.03.2005.
Framlagt.
14. Erindi Péturs Kristinssonar f.h. óstofnaðs einkahlutafélags, dags. 30.3.2005.
Erindinu vísað til skipulags- og byggingarnefndar.
15. Erindi Ferðamálasamtaka Íslands, dags. 5.4.2005.
Bæjarráð telur sér ekki fært að taka þátt í verkefninu.
16. Bréf Einars Karlssonar dags. 31.mars 2005.
Bréfitari gerir athugasemdir við svar við bréfi hans um skipulagið. Bæjarráð felur bæjarstjóra að gera bréfitara grein fyrir hverning afgreiðsla skipulagstillagna er háttáð.
17. Atvinnumál í Stykkishólmi.
Bæjarráð fagnar ákvörðun sjávarútvegsráðherra að flytja hluta af starfsemi veiðieftirlits Fiskistofu í Stykkishólmi.
18. Tilboð í jarðvegsvinnu við leikskólann.
Afgreiðslu vísað til bæjarstjórnar.
19. Fyrirspurn frá Guðmundi Kristinssyni varðandi viðskipti Stykkishólmsbæjar við verktaka árið 2004.
Bæjarstjóri lagði fram greinargerð um viðskiptinn við verktaka.
20. Bréf frá áhugahóp um þróun miðbæjar Stykkishólms, dags. 5.apríl 2005.
Bæjarráð skoðaði málið og mun ræða viðhópin.
21. Tillaga frá Dagnýju um að athuga með hliðarkörfur í Íþróttamiðstöðina.
Bæjarstjóra falið að kanna málið fyrir næsta fund.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 21:30

Þór Örn Jónsson, bæjarritari